

REGLUGERÐ

um (12.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi bætist við 16. gr. reglugerðarinnar:

Efni	Hámarks magn sem ávísa má með lyfseðli.	Dæmi og undantekningar (merktar *)
Zolpidemum INN	400 mg	Stilnoct, töflur 10 mg: 40 stk.

2. gr.

Í viðauka 4 við reglugerðina skal tekið fram eftirfarandi undir kaflanum „Hámarks magn og/eða takmarkanir“ fyrir efnin Diphenhydraminum og Melcozini chloridum:

Óheimilt er að afgreiða lyfið í afmældum skömmtum án lyfseðils til barna yngri en 18 ára.

3. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Terfenadinum	Lyf í afmældum skömmtum. Mest 20 stk. handa einstaklingi, efnistakur skammtur er 60 mg.	TELDANEX töflur 60 mg	Gegn ofnæmi. Skammtar: Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Ein tafla kvölds og morguns eða tvær töflur að morgni. Börn 6-12 ára: Hálf tafla kvölds og morguns. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. Varúð: Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni. Varasamt getur verið að nota þetta lyf samtímis sýklalyfinu eryþrómycíni og sveppalyfinu ketókónazóli (til inntöku). Þeir, sem eru með alvarlegan hjartasjúkdóm, sérstaklega þeir, sem hafa fengið hjartsláttartruflun, eiga ekki að nota þetta lyf.
Terfenadinum	Mest 10 stk. handa einstaklingi, efnistakur skammtur er 120 mg.	TELDANEX töflur 120 mg	Gegn ofnæmi. Skammtar: Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Ein tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Varúð: Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni. Varasamt getur verið að nota þetta lyf samtímis sýklalyfinu eryþrómycíni og sveppalyfinu ketókónazóli (til inntöku). Þeir, sem eru með alvarlegan hjartasjúkdóm, sérstaklega þeir, sem hafa fengið hjartsláttartruflun, eiga ekki að nota þetta lyf.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands nr. 25/1992.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (3 rafhlöður) greiða elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 125. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar, sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 6. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um greiðslu almannatrygginga fyrir tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega.

1. gr.

Sjúkratryggingar almannatrygginga skulu greiða sem hér segir fyrir tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega sem ekki dveljast á stofnunum:

1. 75% af kostnaði þeirra, sem njóta fullrar tekjutryggingar almannatrygginga.
2. 50% af kostnaði þeirra, sem njóta skertrar tekjutryggingar almannatrygginga.

2. gr.

Sjúkratryggingar almannatrygginga skulu greiða sem hér segir fyrir tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrastofnunum eða í þjónustuhúsnæði aldrafra:

1. Að fullu kostnað þeirra sem njóta skertra eða óskertra vasapeninga skv. 20. eða 51. gr. laga um almannatryggingar.